
Efni: Umsögn drög að breytingum á dómstólalögum nr. 50/2016.

Gerðar eru þrjár athugasemdir við fyrirleggjandi drög, dags. 23. desember 2021, og lúta þær allar að dómstólalögum.

I. Skipan dómnefndar

Lagðar eru til breytingar á 11. gr. laganna á þann hátt að felld verði út það skilyrði að sá nefndarmaður sem dómstólasýslan tilnefni í dómnefnd um hæfi umsækjenda um embætti dómara skuli ekki vera starfandi dómari. Tillagan er rökstudd með eftirfarandi hætti í greinargerð:

Þeim áskilnaði var við setningu gildandi laga um dómstóla ætlað að tryggja fjölbreytileika nefndarmanna en reynslan hefur sýnt, þegar litið er til tilnefninga á aðal- og varamönnum síðustu ár, að ekki er nauðsynlegt að kveða á um þetta atriði í lögum. Þá er einnig litið til þess að aðrir tilnefningaraðilar eru ekki bundnir við skilyrði af nokkru tagi, ef frá eru talin skilyrði sem varða kynjasjónarmið, og þykir rétt að það sama eigi við um tilnefningu dómstólasýslunnar.

Þvert á það sem haldið er fram í ofangreindum rökstuðningi, þá skal því haldið fram hér að áskilnaður um vissan fjölbreytileika nefndarmann í téðri dómnefnd sé nauðsynlegur til þess að tryggja þá valddreifingu, sem löggjafinn hafði í huga þegar kemur að samsetningu nefndarinnar. Nefndin fer með veigamikil vald í stjórnskipuninni, en hún fer í reynd með stóran hluta valds til skipunar á dómurum. Það er því eðlilegt að löggjafinn hafi komið því þannig fyrir að ein fámenn starfsstétt geti ekki án lýðræðislegs umboðs komið sér í þá stöðu að hafa úrslitavald um hverjir veljist til þess að fara með dómvald yfir allri þjóðinni.

Með því að setja dómstólasýslunni mörk um hverja hún megi tilnefna var ætlunin að tryggja að sitjandi dómara hefðu ekki meirihlutavald innan nefndarinnar. Meiri ástæða var til að ætla að dómstólasýslan, sem stjórnað er af sitjandi dómurum, myndi skipa nefndarmann sem gætti sömu hagsmuna innan nefndarinnar og þeir sem tilnefndir eru af Hæstarétti og Landsrétti, heldur en þeir sem tilnefndir eru af Alþingi og Lögmannafélaginu. Ekki verður séð að þau rök sem voru fyrir þessari skipan í upphafi eigi ekki lengur við, nema síður sé. Jafnvel mætti hugsa sér að ganga lengra í áskilnaði um tilnefningu dómstólasýslunnar, t.d. þannig að hún skuli tilnefna sérfræðing í mannauðsmálum til þess að auka fagmennsku í málsmeðferð nefndarinnar. Það væru enda slíkir hagsmunir sem hægt væri að ætlast til þess að hún ynni að innan hennar, fremur en að stéttarhagsmunum sitjandi dómara, sem þegar er gætt af tveimur af fimm nefndarmönnum.

Nái sú tillaga sem er í drögunum fram að ganga leiðir það til röskunar á því valdajafnvægi sem löggjafinn ákvað upphaflega að skyldi ríkja innan dómnefndarinnar. Sú röskun er veigamikil sökum þeirra miklu valda sem nefndin fer með og hún hefði líklega ekki jákvæð áhrif á störf nefndarinnar og ásýndar hennar í augum almennings.

II. Varadómarar

Lagðar eru til breytingar á 17. gr., 18. gr., 25. gr. og 26. gr. dómstólalaga. Miða þær að því að færa til fyrra horfs skipun varadómara við Hæstarétt og Landsrétt, sem felur í sér að forsetar viðkomandi dómsstóla geti gert tillög til ráðherra um hverjir taki sæti í einstökum málum, eða að dómnefnd um hæfi umsækjenda um embætti dómara geri tillögu um hvern ráðherra setji í embætti dómara til skemmri tíma en 6 mánaða. Núverandi regla bindur forseta dómstólanna og nefndina við slíkar tilnefningar að því leyti að fyrst skuli leitað til dómara sem látið hafa af störfum. Taka má undir með að sú regla hafi ekki verið hugsuð til enda. Það má enda gera ráð fyrir að dómarar sem látið hafa af störfum hafi ekki endilega starfsþrek eða vilja til að halda áfram að sinna dómsstörfum í forföllum. Hitt er þó víst að rökin að baki því að binda hendur þessara aðila við vala á varadómurum eru enn þá til staðar. En þau voru að hætta þótti á að geðþótti réð því hverjir væru settir dómarar til skamms tíma og að þetta vald væri notað til þess að lyfta þóknanlegum framtíðar umsækjendum um dómaraembætti yfir aðra með því að veita þeim dómaraeignu. Óheppilegt væri að endurvekja þessa áru yfir störfum dómstólanna með því að færa regluna til fyrra horfs og væri það til þess fallið að draga úr trausti á störfum þeirra.

Til þess að þjóna þörfum dómstólanna á varadómurum og til þess að tryggja gagnsæi og sanngirni í vali á slíkum dómendum mætti hugsa sér fastan lista af varadómurum. Hægt væri að útbúa listann þannig að þeim umsækjendum um embætti dómara, sem teljast af dómnefnd hæfir til að taka sæti en hljóta ekki embætti, væri boðið að taka sæti á þessum lista. Jafnframt mætti bjóða dómurum sem látið hafa af störfum að vera á listanum og mögulega mætti auglýsa reglulega eftir fólki á listann, sem yrði þá hæfismetið líkt og dómaraefni af dómnefndinni. Listann ætti að birta opinberlega og skrá ætti hagsmunatengsl og lögfræðileg sérsvið þeirra sem á honum eru. Loks ætti að birta tölfraði í ársskýrslu dómstólasýslunnar um hverjir eru kallaðir til að taka sæti á hverju ári. Gagnsæi og formfesta um störf og val varadómara ætti að koma í veg fyrir þá gagnrýni sem varð tilefni þeirrar reglu sem frumvarpsdrögin leggja til að verði breytt til fyrra horfs.

III. Aukastörf dómara

Í ljósi þess að verið er að leggja til ýmsar breytingar á dómstólalögum sakna ég þess að ekki sé horft til breytinga á 45. gr. um aukastörf dómara. Vísa má til þess að nefnd um dómaraastörf hefur kallað eftir slíkum breytingum og nokkur umræða hefur verið í samfélagi lögfræðinga um hversu óheppilegir hagsmunaárekstrar geti skapast ef dómarar gegni slíkum störfum í miklu mæli eða fyrir aðila sem þeir ættu ekki að tengjast hagsmunaböndum. Fram hefur komið í opinberri umræðu að dómarar telji sér engu að síður heimilt að gegna umfangsmiklum aukastörfum, en ýmsum þykir sú túlkun ganga í berhögg við lagabókstafinn. Það er því full ástæða til þess að skerpa á því sem þar stendur í 45. gr. dómstólalaga um aukastörf dómara og tilvalið væri að nýta tækifærið núna þegar verið er að leggja til ýmsar breytingar lögnum.

Virðingarfyllst,



Dr. Haukur Logi Karlsson